

AUGLÝSING

um jöfnunartoll á innflutt súkkulaði, brauð, kex og kökur.

1. gr.

Greiða skal í ríkissjóð við tollafgreiðslu jöfnunartoll af súkkulaði, brauði, kexi og kökum í samræmi við upptalningu tollskrárnúmera í neðangreindri gjaldskrá. Gjaldið skal lagt á miðað við kr/kg. Þó skal samanlagður tollur, jöfnunargjald og jöfnunartollur aldrei vera hærri en sem nemur 46 % af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1806 og aldrei hærri en sem nemur 37 % af tollverði á vörum sem falla undir vörulið 1905.

Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:	Tollskrárnúmer:	Jöfnunartollur kr/kg:
1806.2009	45	1905.2000	30
1806.3101	48	1905.3011	12
1806.3109	48	1905.3019	15
1806.3202	45	1905.3091	20
1806.3203	19	1905.3099	10
1806.3209	19	1905.4000	13
1806.9002	16	1905.9010	5
1806.9003	46	1905.9020	4
1806.9005	51	1905.9040	39
1806.9006	46	1905.9090	48
1806.9007	45		
1806.9009	45		

2. gr.

Að því leyti sem ekki er kveðið á um vöruflokkun, gjalddaga, lögvernd, viðurlög og aðra framkvæmd álagningu og innheimtu jöfnunartolls skulu gilda eftir því sem við getur átt ákvæði tollalaga nr. 55/1987, með áorðnum breytingum, svo og reglugerða og annarra fyrirmæla settra samkvæmt þeim.

3. gr.

Tollstjórar annast innheimtu jöfnunartolls samkvæmt reglugerð þessari og standa skil á honum í ríkissjóð eftir þeim fyrirmælum sem fjármálaráðuneytið setur um skil innflutningsgjalda, sbr. 15. gr. reglugerðar nr. 530/1975, um reikningsskil innheimtumanna ríkissjóðs.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 118. gr. tollalaga nr. 55/1987 til að öðlast gildi 1. júlí 1992 og skal hún gilda til 30. september 1992.

Fjármálaráðuneytið 29. júní 1992.

F. h. r.

Bjarnveig Eiríksdóttir.

Rúna S. Geirsdóttir.